

## MÓTTÖKUÁÆTLUN

Sótt er um skólavist á námsbrautum skólans rafrænt af heimasíðu hans. Í umsókn koma fram upplýsingar um fyrri menntun og hæfni: Umsækjandi skilar með umsókn, rafrænni möppu sem endurspeglar skapandi áherslur viðkomandi. Umsækjandi fær rafræna staðfestingu á því að umsókn og mappa hafi verið móttækin.

Í kjölfarið fær umsækjandi boð í inntökuvíðtal. Í inntökuvíðtali er farið er yfir umsókn og fylgigögn og í samtalinu leitast við að meta hvernig námið við skólann muni henta umsækjanda og markmiðum hans. Einnig er kynning á námi námsbrauta, aðstöðu skólans og skólastarfi. Umsækjendur eru hvattir til spurninga.

Að loknum inntökuvíðtölum fá allir umsækjendur svar, með tölvupósti um hvort þeir hljóti skólavist.

Við skólasetningu nýnema að hausti fer fram kynning á allri starfsaðstöðu í Ljósmyndaskólanum, umgengnisvenjum, öryggismálum og brunavörnum. Nemendur eru hvattir til vinnusemi og að nýta sér aðstöðu skólans.

Við skólasetning hjá eldri árgöngum að hausti er farið yfir helstu þætti náms á námsbrautinni, öryggismál, brunavarnir og nemendur hvattir til vinnusemi og góðrar umgengni.

Við upphaf náms í Ljósmyndaskólanum eru nemendur hvattir til þess að upplýsa um þær sérþarfir sem kunna að vera fyrir hendi hjá viðkomandi. Ætíð er kappkostað að veita nemendum þá aðstoð sem þeir þurfa þannig að sem bestur árangur náist í náminu. Í upphafi hvers skólaárs heldur námsráðgjafi kynningu á þjónustu sem námsráðgjafi getur veitt nemendahópum hvorrar námsbrautar. Nemendur eru hvattir til að hafa samband við námsráðgjafa ef þörf er á. Einnig geta nemendur haft samband við skrifstofu skólans og óskað eftir milligöngu um viðtalstíma við námsráðgjafa.

Námsráðgjafi skólans heldur haust hvert, örnámskeið í afmörkuðum þáttum svo sem skipulagi og námstækni.

Ljósmyndaskólinn gefur út Nemendahandbók á rafrænu formi. Fá nemendur hana senda í tölvupósti við upphafa haustmíssis og hún er einnig aðgengileg á kennsluumsjónakerfi skólans, Moodle. Í Nemendahandbók eru ítalagar upplýsingar sem gagnast þeim sem eru nemendur í Ljósmyndaskólanum. Nemendahandbók er yfirfarinn og endurskoðuð a.m.k. einu sinni á ári.

Nemendur eru hvattir til að láta vita ef eitthvað kemur upp á sem hamlað getur námi þeirra. Er ætíð leitað leiða til að koma til móts við viðkomandi nemanda.